

Stjórnarfundur

Fundargerð miðvikudaginn 13. febrúar 2023

Mættir,

Guðjón Guðjónsson, Jón Frímansson, Björn Ármannsson, Sigbór Guðnason, Friðrik Höskuldsson.

Formaður bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:00. Fundurinn er fjarfundur.

Dagskrá:

1. Kjarasamningar fiskimanna
2. Önnur mál

Mál 1. Kjarasamningar fiskimanna. ÁS fór yfir aðdraganda undirritunar samningsins, frá 1 apríl fara allir sjómenn sjálfkrafa í leið A ef samningurinn verður samþykktur en þá bætist við 3,5% lífeyrisauki sem gerir um 2% launahækkun.

Helstu atriði hins næyja samnings eru:

- a) Bætt réttindi og kjör er varðar lífeyrismál en sjómenn geta valið um tvær leiðir, annars vegar leið A, lífeyrisauki uppá 3,5% verður greiddur í svokallaða tilgreinda séreign. Mótframlag útgerðar í lífeyrissjóð hækkar um 3,5%, fer úr 8% í 11,5%. Viðmið við heimsmarkaðsverð á olíu fellt úr gildi og 69,2% skiptaverð verður lagt til grundvallar. Leið B, mótframlag útgerðar í lífeyrissjóð óbreytt – 8%. En viðmið við heimsmarkaðsverð á olíu fellur úr gildi og 70,5% skiptaverð verður lagt til grundvallar. Samhliða verður færsla yfir í nýjar skiptaprósentur. Frá 1 apríl fara allir sjómenn sjálfkrafa í leið A ef samningurinn verður samþykktur eins og áður hefur komið fram en geta fært sig yfir í leið B ef þeir kjósa svo. Hægt er að fara inná reiknivél Gildis lífeyrissjóðs og reikna lífeyri.
- b) B) Hækkun tímakaups en dagvinnukaup sjómanna miðast við deilistuðulinn 156 í kauptryggingu. Kauptrygging skipstjóra og yfirtýrimanns verður 617.417 kr. á mánuði og 2. Stýrimanns 535.723 kr. á mánuði.
- c) Slys- og veikindaréttur lengdur í 4 mánuði (60 dagar á 120 daga tímabili) Skiptimannakerfi fest í sessi, sem dregur úr skammtímaráðningum.
- d) Öryggisnefnd verður skipuð, hún vinnur markvisst að málum er tengjast öryggi, heilsu og líðan á sjó – markmið að fækka slysum og draga úr álagi. Sameiginleg heildstæð framtíðarsýn um öryggismál sjómanna, með eftirfylgni og stuðningi fyrir útgerðir og sjómenn. Öryggisnefnd fundar tvisvar á ári. Þrír menn frá samtökum sjómanna og þrír menn frá SA sitja í öryggisnefnd.
- e) Aukið gagnsæi í launauppgjörum, í launauppgjöri skal tilgreina: Aflamagn og aflaverðmæti hvarrar tegundar. Tilgreining veiðiferðar. Skiptingu í stærðarflokka og verð hvers flokks. Skiptaprósentu.

Fjöldi í áhöfn.

Fjöldi lögskráningadaga.

- f) Staðlaður fiskverðssamningur fyrir verð á uppsjávarfiski.
Gert upp á umsaminni prósentu milli útgerða og áhafna af áætluðu skilaverði afurða.
Kafli um veiðar á loðnu, síld, kolmunna og spærlingi (samningur fyrir veiðar á makríl er ekki til) falli brott.
Í stað þessara kafli komi nýr kafli um veiðar á loðnu, síld, makríl, kolmunna og öðrum uppsjávarfiski
- g) Fundir útgerða, áhafna og stéttarfélaganna við upphaf og lok vertíða.
Við upphaf vertíðar skal útgerð fara yfir söluhorfur afurða og væntanleg verð á vertíðinni.
Við lok vertíðar skal útgerð funda aftur, skýra forsendur fyrir uppgjöri, sýna sölunótur afurða og tilkynna leiðréttingar, ef um þær er að ræða.
- h) Aukin fræðsla til trúnaðarmanna og í ákvæðnum tilvikum heimilt að kjósa tvo.
- i) Stærðarviðmiði verður breytt, úr brúttórúmllestum í metra m.v. skráningarlengd.
Skip sem ekki passa inn í ný stærðarviðmið verða sett í sólarlag.
- j) Skýrleiki aukinn í ákvæði um nýjar veiði- og verkunaraðferðir.

Gildistími samningsins, verði hann samþykktur er til 31. janúar 2033

Atkvæðagreiðsla lýkur 10. mars nk. kl. 15:00 hjá stéttarfélagunum

Þeir sem tóku til máls á fundinum auk formanns almennt um kjarasamninginn voru Jón Frímansson, Sigþór Guðnason og Friðrik Höskuldsson.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 14:15

Sjá má samninginn inná heimasíðu félagsins:

<https://skipstjorn.is/wp-content/uploads/2023/02/Sameiginleg-kynning-a-kjarasamningi-sjomanna.pdf>



Árni Sverrisson formaður



Páll Ægir Pétursson fundarritari